

Alþingi 27.2.2015

Málsnr.: 1412019

Málalykill: 0345

Grindavíkurbær



Alþingi
Austurvöll
150 Reykjavík
Bt nefndarsvið

Grindavík, 23. febrúar 2015
nr. erindis 1502050 ÁH

Á 2. fundi umhverfis- og ferðamálanefndar Grindavíkurbæjar 11. febrúar sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Beiðni um umsögn: frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn.

Sviðsstjóri óskaði eftir að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum sem samþykkt var einróma. Tekin fyrir tillaga að frumvarpi til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál. Eggert Sólberg Jónsson, verkefnisstjóri Reykjanes Geopark, sat einnig fundinn undir þessum lið til álitsgjafar.

Bókun: Nefndin gerir athugasemd við orðalag 2. greinar, þar sem virðist vera búið að úthýsa vélknúnum farartækjum, annað hvort vísvitandi eða fyrir gáleysi. Hvergi minnst á akstursleiðir. Umhverfis- og ferðamálanefnd gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en óskar eftir því að drög að reglugerð verði send Grindavíkurbæ til umsagnar.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar og verður þér gert viðvart verði afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulags- og umhverfisnefndar

Ármann Halldórsson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

